



Alþingi
Erindi nr. þ 121/2058
komudagur 7.5.97

FÉLAG FASTEIGNASALA

Hátúni 2B 105 Reykjavík sími 562-4077

Alþingi íslendinga,
b.t. nefndarsviðs Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. maí 1997.

Varðar: Nefndarálit (1003) meirihluta allsherjarnefndar
Alþingis um frumvarp til laga um fasteigna-, fyrir-
tækja- og skipasölu (28. mál).

Félag fasteignasala hefur fengið tilvitnað nefndarálit og
vekur athygli á eftirfarandi:

- 1) Á bls. 2 í 2. málsgrein er fjallað um útvíkkun á þeim
fyrirtækjum, er frumvarpið skuli taka til. Þar er rætt um
að frumvarpinu sé, ekki einungis ætlað að ná til fyrir-
tækja er stunda virðisaukaskattskylda starfsemi, heldur
verði miðað við öll atvinnufyrirtæki eða eignarhluta í
þeim og síðan segir "önnur en hlutafélög".

Í þessu sambandi óskar Félag fasteignasala að vekja athygli á
því að orðalag lagaákvæðisins þarf að vera skýrt svo ekki fari
á milli mála að með ákvæðinu sé ekki verið að banna fasteigna-
sölum að ganga frá kaupsamningum um atvinnufyrirtæki, þegar
kaupin er framkvæmd á þann veg að hlutaféð er selt og um það
ritað framsal á hlutabréfin.


- 2) Í 3. mgr. á bls. 2 kemur fram að hafi fasteignasali misst
forræði á búi sínu skuli hann ekki fá leyfi til
fasteignasölu næstu 10 árin í stað þess að frumvarpið
gerir ráð fyrir 2 árum.

Félag fasteignasala bendir á að svo langur tími sem hér er
ráðgerður þýði, að einstaklingu sé í raun sviptur réttindum
fyrir lífstíð. Ljóst er að einstaklingur sem missir réttindi
og stundar ekki starfsemi af þessu tagi í 10 ár þarfnast
algerrar endurhæfingar auk þess, sem flestir myndu vera búnir
að skapa sér aðra atvinnu en þá sem löggildingin gerir ráð
fyrir.

Taka verður tillit til þess, að einstaklingur kann að hafa
misst búsforræði sitt tímabundið t.d. vegna þess að hann var í
ábyrgð fyrir skuld sem hann réð ekki við að greiða án þess að
hafa stofnað til hennar sjálfur. Ýmis önnur álíka tilvik má
nefna. Verður því að telja að réttindaleyfi í 2-3 ár séu
hámark í þessu sambandi. Hjá öðrum starfsstéttum gildir sam-
bærileg regla, s.s. lögmönnum og er ekki fyrirhugað að breyta
því svo vitað sé. Sjá hér nýsamþykkt lög um endurskoðendur nr.
18/1997.

Vinsamlega takið ofangreint til athugunar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags fasteignasala,



Sveinn Skúlason hdl. framkvæmdastj.